

Efnarás ehf.  
Klettagörðum 7  
104Reykjavík

Reykjavík, 24. október 2019  
UST201901-212/F.T.  
08.14.02

**Efni: Málslok**

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 15. júlí sl. þar sem stofnunin óskaði eftir tímasettri úrbótaáætlun vegna frávíka er fram komu í eftirliti þann 14. maí 2019.


Frávikin voru eftirfarandi:


1. mgr., gr. 3.3 og 3. mgr. gr. 3.4 í starfsleyfi. Spilliefni skulu geymd og meðhöndluð þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins og ílát skulu staðsett og varin þannig að þau séu stöðug og verði ekki fyrir hnjaski. Staðsetning fiskikara með freonkútum ofan á gámum getur ekki talist sem stöðug geymsla og spilliefnin eru því ekki geymd þannig að ekki sé hætt á mengun umhverfisins.
2. 1 mgr. Gr. 3.4 í starfsleyfi. Öll ílát sem notuð eru til geymslu á spilliefnum skulu vera traust, lekaheld og frágangur íláta í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Í vettvangsferðinni sáu fjórir bambar með úrgangsolíu sem ekki voru með árekstravörn en slíkt samræmist ekki ákvæðum starfsleyfisins.
3. Gr. 4.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skráningum um úrgang sem tekið er á móti (sbr. gr. 4.1) hefur ekki verið skilað fyrir síðasta almanaksár.

**Efnarás hefur hætt starfsemi á starfsstöð sinni að Gufunesvegi 10. Stofnunin hefur farið í lokunareftirlit og telur frágang svæðisins fullnægjandi. Frávikunum telst því lokið.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

  
Sigríður Magnúsdóttir  
sérfræðingur

  
Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur